



Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf.
Sjávargötu 6-12
260 Njarðvík

Reykjavík, 11. október 2018.

Efni: Bréf yðar til Hafnarfjarðarkaupstaðar, dags. 2. október sl.

Hafnarfjarðarkaupstaður hefur falið undirrituðum að svara erindi yðar til bæjarins, dags. 2. október sl., þar sem gerðar eru athugasemdir við framkvæmdir sem fyrirhugað er að ráðast í við Suðurgarð Hafnarfjarðarhafnar. Í erindinu er vísað til þess að Hafnarfjarðarhöfn hafi gert samning við Hagtak hf., dags. 8. maí 2018, um gerð viðlegukants fyrir skipalyftu og aðstöðu dráttarbáta við vesturenda Suðurgarðs, en samningurinn var lagður fram á fundi hafnarstjórnar 5. september sl.

Í bréfi yðar er því haldið fram að framkvæmdirnar hafi í för með sér tugmilljóna „fórmarkostnað“ fyrir Hafnarfjarðarhöfn þar sem höfnin missi talsverðan hluta af núverandi viðleguköntum sem hefðu ella skapað tekjur. Þá er staðhæft að aðeins eitt fyrirtæki, Trefjar ehf., muni geta notað hinn nýja viðlegukant fyrir skipalyftu. Fyrirtækið hafi keypt 75 tonna upptökuvagn á síðastliðnu ári en ekki getað notað hann vegna „skorts á viðeigandi aðgangi að sjó“. Er tekið fram að hinn nýi viðlegukantur sé „sérhæfður fyrir umræddan vagn“ sem sé sá eini sinnar tegundar hér á landi. Með gerð viðlegukantsins sé verið að nota opinbert fé til að gera fyrirtæki í samkeppnisrekstri kleift að keppa við aðra aðila sem bjóði slíka þjónustu. Í þessu sambandi er vísað til þess að þér hafið kostað kaup og gerð upptökumannvirkja í Njarðvík á árinu 2006.

I.

Þær framkvæmdir sem Hafnarfjarðarhöfn hyggst ráðast í þjóna tvíþættu markmiði. Þeim er ætlað annars vegar að bæta núverandi aðstöðu fyrir dráttarbáta í höfninni og hins vegar að skapa nýja aðstöðu til að taka upp og sjósetja smærri skip og báta. Þar sem framkvæmdirnar eru á sama stað í höfninni og þar sem nú er aðstaða fyrir dráttarbáta tapast engir viðlegukantar. Það er því rangt að framkvæmdirnar dragi úr möguleikum hafnarinnar til að afla sér tekna líkt og gefið er í skyn í bréfi yðar.

Eins og yður er eflaust kunnugt er núverandi aðstaða í höfninni til að taka upp og sjósetja smærri skip og báta með öllu ófullnægjandi. Dregur þetta aðstöðuleysi úr samkeppnishæfni hafnarinnar. Er ekki fyrir að fara annarri aðstöðu en skábraut, þ.e. steypu hallandi plani til að taka upp og sjósetja smábáta á vagni, sem skapar engar tekjur fyrir höfnina. Höfnin mun hins vegar krefjast gjalds af þeim sem nota hina nýju aðstöðu og verður gjaldskrá hafnarinnar miðuð við að framkvæmdirnar standi undir sér.

Athygli yðar er vakin á því að öllum er heimilt að nýta aðstöðuna að því tilskildu að greitt sé fyrir hana á grundvelli þeirrar gjaldskrár sem fyrirhugað er að setja eftir að endanlegur kostnaður við framkvæmdirnar liggur fyrir. Ekki er gert ráð fyrir að fyrirtækið Trefjar ehf. hafi einkarétt til að nota aðstöðuna, líkt og ætla mætti af bréfi yðar. Þannig er ekki gert ráð fyrir að upptökuvagnar verði geymdir við upptöku- aðstöðuna heldur verði þeir færðir til eftir þörfum og þess á milli geymdir á svæði viðkomandi fyrirtækis. Þannig mun yður, líkt og öðrum, heimilt að nota aðstöðuna að því tilskildu að greitt sé gjald fyrir notkun á henni samkvæmt gjaldskrá.

Í tilefni af þeirri staðhæfingu að viðlegukanturinn sé sérhæfður fyrir umræddan vagn skal tekið fram að Hafnarfjarðarhöfn hefur lengi stefnt að því að bæta úr því aðstöðuleysi sem að framan er lýst í því skyni að bæta þjónustu við bátaeigendur og auka samkeppnishæfni hafnarinnar. Eru hagsmunir hvort tveggja hafnarinnar og bátaeigenda fólgnir í því að til staðar sé fullnægjandi aðstaða til upptöku og sjósetningar. Í samræmi við það er það vilji hafnarinnar að skapa aðstöðu fyrir þá sem vilja standa straum af kostnaði við kaup og rekstur skipalyfta eða upptökuvagna. Aftur á móti er það forsenda þess að höfnin ráðist í gerð slíkrar aðstöðu að fyrirséð sé að kostnaður við hana skili sér til baka.

Fyrirtækið Trefjar ehf., sem smíðar trefjaplastbáta í verksmiðju sinni við Óseyrarbraut, er einn fjölmargra aðila sem hafa talið þörf á bættri aðstöðu í Hafnarfjarðarhöfn. Í samtölum fulltrúa Trefja ehf. við fulltrúa Hafnarfjarðarhafnar á síðastliðnu ári lýsti fyrirtækið sig reiðubúið til að kaupa og starfrækja upptökuvagn fyrir allt að 75 tonna báta við höfnina. Það var á þessum grundvelli sem Hafnarfjarðarhöfn ákvað að ráðast í þær framkvæmdir sem um ræðir og felast í því að settur er niður nokkurra metra langur hafnarkantur til að nota megi upptökuvagn við höfnina. Mun fyrirtækið, líkt og aðrir sem vilja nota þessa aðstöðu, þurfa að greiða gjald til hafnarinnar samkvæmt gjaldskrá, sem verður eins og áður segir byggð á því að framkvæmdirnar standi undir sér. Sú staðhæfing að með þessu sé sérstaklega verið

að koma til móts við þarfir Trefja ehf. þar sem fyrirtækið hafi verið búið að kaupa upptökuvagn en „skort viðeigandi aðgang að sjó“ er þess vegna úr lausu lofti gripin.


II.

Í bréfi yðar er því haldið fram að framkvæmdir Hafnarfjarðarhafnar brjóti í bága við reglur um ríkisaðstoð í EES-samningnum. Hafnarfjarðarkaupstaður er þessu algerlega ósammála. Til að um ríkisaðstoð sé að ræða sem samræmist ekki 61. gr. EES-samningsins þarf ráðstöfun opinbers aðila að uppfylla nánar tiltekin skilyrði. Er skilyrðunum meðal annars lýst í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um hugtakið „ríkisaðstoð“ eins og það er notað í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Samkvæmt leiðbeiningunum þarf í fyrsta lagi að vera um að ræða ráðstöfun opinbers fjár. Í öðru lagi þarf slík ráðstöfun að fela í sér ívilnun fyrir viðkomandi fyrirtæki sem því hefði ekki hlotnast við venjulegar markaðsaðstæður. Í þriðja lagi þarf slík ráðstöfun að raska eða vera til þess fallin að raska samkeppni og í fjórða lagi þarf hún að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila EES-samningsins, þ.e. að hafa áhrif innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Augljóst er að skilyrðin eru ekki uppfyllt. Í þessu sambandi verður að líta til þess að þeir aðilar sem nota aðstöðuna þurfa að greiða gjald fyrir hana samkvæmt gjaldskrá hafnarinnar og að gjaldskráin byggist á því að framkvæmdirnar standi undir sér. Útilokað er því að líta svo á að aðstaðan feli í sér styrk eða aðstoð enda eiga hér við sjónarmið um venjulegar markaðsaðstæður. Þá verður að líta til þess að ekki er um að ræða einkarétt eins aðila til að nota aðstöðuna heldur er öllum heimilt að nota hana. Ekkert kemur því í veg fyrir að aðrir aðilar fjárfesti í búnaði til að nota aðstöðuna eða að Hafnarfjarðarhöfn ákveði í framtíðinni að bjóða aðstöðuna út. Er því hvorki um að ræða framkvæmd sem er til þess fallin að raska samkeppni né til ívilnunar ákveðnum fyrirtækjum. Þvert á móti er framkvæmdin til þess fallin að auka samkeppni á markaði þar sem brýn þörf er fyrir bættu þjónustu við skipa- og bátaeigendur.

Virðingarfyllst,



fyrir hönd Hafnarfjarðarkaupstaðar,

Gizur Bergsteinsson hrl.